




Lyfjaskömmtun kemur reglu á lyfjatökuna



1



Notandinn fær lyfin sín í rúllu

2



Notandinn rífur skammtinn sinn af rúllunni

3



Öll lyfin til inntöku samkvæmt lyfseðli í einum poka

Einfalt, öruggt, þægilegt

Lyfjaskömmtun Lyfjavers hefur hjálpað þúsundum íslendinga að koma reglu á lyfjamál sín. Auðvelt er að sjá hvort lyfin hafa verið tekin samkvæmt fyrirmælum eða hvort gleymst hefur að taka skammt. Gildir einu hvort viðkomandi býr heima eða dvelur á heilbrigðisstofnun um lengri eða skemmri tíma. Lyfjaskömmtun er einföld, örugg og þægileg.

Dæmi um tvo mismunandi lyfjaskammta til inntöku sama mánudag. Annar skal tekinn kl. 12.00 á hádegi en hinn kl. 18.00.

Upplýsingar sem fram koma eru:



- + Nafn sjúklings
- + Dagsetning og tími inntöku
- + Heiti lyfja og magn
- + Númer læknis
- + Dagsetning, strikamerki og númer pökkunar

Sigurður Jónsson
9 - Nóv Mán Kl.18:00
Læknir. 0000
kt.123456
Glimeryl töflur 1mg 1
Fjölvitamin 1
B-vitamin töflur 1
Betolvex tfl 1mg 1
Folic Acid tfl 5mg 1
Lanoxin mite 62.50mcg 1
Levaxin töflur 0.1mg 1
Gabapentin Myl. 300mg 1

prufa 865444
Lyfjaver B7 28/10/2015

Sigurður Jónsson
9 - Nóv Mán Kl.12:00
Læknir. 0000
kt.123456
Glimeryl töflur 1mg 1
Fjölvitamin 1
B-vitamin töflur 1
Betolvex tfl 1mg 1
Folic Acid tfl 5mg 1
Lanoxin mite 62.50mcg 1
Levaxin töflur 0.1mg 1
Gabapentin Myl. 300mg 1

prufa 865444
Lyfjaver B7 28/10/2015



Skýrt og klárt!

Lyfjunum er pakkað í skammta til inntöku á mismunandi tímum dagsins eða vikunnar. Notandinn fær þau afhent í rúllu og er hver skammtur í sérmerktum poka. Á pokaum kemur fram heiti lyfja, styrkur og magn, hver á að taka þau, dagsetning, inntökutími og hvaða læknir ávísar lyfjunum. Skammtað er til 7, 14 eða 28 daga í senn.

Lyfjarúllurnar eru keyrðar út til viðskiptavina en einnig er hægt að sækja þær í apótekið.

Tölvuauga les skammtinn

Hver skammtur er vandlega yfirfarinn af tölvubúnaði sem þekkir hverja töflu/hylki og ber saman við gagnagrunn og lyfseðil. Lyfjaskömmtnun gerist ekki öruggari. Á fyrri stigum stýrir tölva áfyllingunni á skömmtnunarvélina og tryggir að hvert lyf sé á sínum stað fyrir skömmtnun.



Hver skammtur myndaður

Rekjanleiki er aðalsmerki nýjustu skömmtunarvéla Lyfjavers. Hver skammtur er myndaður og lesinn af tölvubúnaði sem ber saman hverja töflu/hylki og hvern skammt við gagnagrunn. Þetta tryggir að notandinn fær skammtinn sinn samkvæmt lyfseðli. Snúi tafla/hylki rangt eða þekki tölvuaugað ekki töflu/hylki, yfirfer lyfjafræðingur rúlluna og tryggir að allt sé í lagi áður notandi fær hana í hendur.



Apótekið heim að dyrum

Lyfjaver kappkostar að eiga öll fánleg lyf á lager. Heimsending án aukakostnaðar með lyfjarúllunum þínum.

